

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvaða upphæð Reykjavíkurborg lagði af mörkum, tæmandi talið vegna Landsmóts hestamanna sl. sumar.

Á fundi borgarráðs 25. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað lagði Reykjavíkurborg háa upphæð af mörkum, tæmandi talið, vegna Landsmóts hestamanna sem haldið var í Reykjavík s.l. sumar?

Óskað var eftir umsögn fjármálaskrifstofu, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og menningar- og ferðamálasviðs þann 5. nóvember sl.

Lagt var fram svar við fyrirspurn þann 15. nóvember sl. en meðfylgjandi er fyllra svar og bætt við kostnaði vegna viðhalds á Reiðhöll í Víðidal sem er í eigu Reykjavíkurborgar.

Samtals var varið kr. 41.945.590 af fjárfestingu vegna Landsmóts hestamanna 2018 og deilist kostnaður þannig að kr. 6.005.200 féllu til á árinu 2016, kr. 23.247.250 á árinu 2017 og kr. 12.693.140 á árinu 2018. Framkvæmdin var á hendi Hestamannafélagsins Fáks sem fékk alls greiddar kr. 40.982.691 vegna útlagðs kostnaðar en að auki voru færðar kr. 962.899 sem miðlægur umsýslukostnaður. Þá var beinn útlagður kostnaður menningar- og ferðamálasvið vegna Landsmóts hestamanna 2018 kr. 210.441 en nánari upplýsingar um þann kostnað má finna í hjálögðu bréfi sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 13. nóvember sl.

Hestamannafélagið Fákur fékk auk þess greitt útlagðan kostnað vegna viðhalds reiðhalla en um er að ræða samning frá 2014 þar sem Hestamannafélagi Fákur tekur að sér rekstur Reiðhalla í Víðidal. Heildargreiðslur vegna reiðhalla voru kr. 38.023.747 og deilist kostnaður þannig að kr. 9.691.660 féllu til 2017 og kr. 28.322.087 á árinu 2018. Að auki voru færðar kr. 894.478 sem miðlægur umsýslukostnaður.

Arna Schram, Birgir Björn Sigurjónsson og Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 13.11.2018.